

„Ekkert er verra en foraktin“

Heiðruðu sýningargestir. Ég býð ykkur velkomin sem hér eruð stödd í dag til að líta sérstæða sýningu. Hér er til sýnis alþýðleg list, sem unnin er af ófaglærðu alþýðufólki. Jafnframt þakka ég þann sóma er mér hefur verið sýndur með því að kalla til mín og fela mér að opna þessa nýstárlegu sýningu.

Það var mér mikið gleðiefni þegar það kvísaðist að ár aldradra væri að renna upp með nýju ári 1982.

Gat það verið satt að þjóðin ætlaði í alvöru að sýna gömlu fólki þann sóma, sem því ber og stuðla að hugarfarsbreytingu meðal almennings, gagnvart gömlu fólki. Sem betur fór var það alvara. En hvað er gamalt fólk? Mér er spurn.

Á síðari árum virðist það mjög í tísku að flokka fólk eftir aldri; byrjað er strax á barnaheimilunum, síðan í skólunum og allt til þess að skólinn um ellina er kveðinn upp þegar fólk er 67 ára og dæmt úr leik. Þegar best lætur fá opinberir starfsmenn að starfa allt að sjötugum. Við þessa flokkun verður fólk að sætta sig. Þar koma engir þrýstihópar að gagni.

Mér hefur alla tíð þótt þessi flokkun varhugaverð og nánast óskynsamleg. Hvernig er hægt að meta getu og hæfileika fólks eftir aldri, hvort heldur það er ungt eða gamalt. Menn eru misjöfnum gálfnum gæddir, sömuleiðis listfengi, þreki og heilsu, svo eitthvað sé nefnt.

Ég var svo lánsöm að alast upp með gömlu fólki og hef búið að því langa ævi. Mínar kærustu minningar eru bundnar því.

Ég var líka svo lánsöm að sitja á skólabeck með mér eldra fólki, — sumir voru allt að því helmingi eldri en ég, það var ómetanlegur þrosk-

agjafi að vera með eldra og reyndara fólki í bekk. Ég herti mig eins og ég gat og öll bekkjarsystkini mín báru mig á höndum sér. Mikil velvild ríkti meðal okkar allra þó aldurinn væri misjafn og í bekknum eignaðist ég góða vini sem ekki brugðust. Hvað er betra en að eiga góða vini sem aldrei svikja.

Meðan ég bjó í sveitinni var ávallt gamalt fólk á bænum sem gaman var að hlyna að. Og enn er ég svo lánsöm að fá að vera heima og taka þátt í daglegu lífi fólksins míns, líta til með barnabörnum sem mér þykir ákaflega vænt um. Þau hafa veitt mér mikla gleði.

Á ári aldradra verður manni á að líta ögn til baka og þá kemst myndur að raun um, að það er ekki ýkja langt síðan að óvinnufært fólk, hvort heldur var ungt eða gamalt var búið upp á sveitafundum eins og hver annar varningur, þó var sá munur að nú var tekið lögsta bði, ófugt við það sem gerðist er kvikfenaður eða dauðir hlutir voru á boðstólum. Slíkt var þjóðarsmán. Sem betur fer hefur mikil breyting orðið á eftir að sjúkratryggingar komu til sögunnar og gamla fólkið fær sín ellilaun, þegar það er dæmt úr leik. Elliheimili hafa líka verið byggð víðsvegar um landið sem veita gömlu fólki skjól, sem hefur hvergi höfði sínu að halla.

Allt þetta ber að þakka, en þó skortir margt á að gamla fólkinu sé ávallt verðugur sómi sýndur. Margt hefur verið gert hér í bæ og víðar til að gleðja aldradra. Mér er minnstætt þegar gömul kona sagði við mig eitt sinn: „Ekkert er verra en foraktin“ góða mín,“ þessi dæmalausa lítills-virðing, sem oft felst í orðum og gjörðum gagnvart okkur gamla fólkinu — hún er



Hulda Á. Stefánsdóttir.

Um þessar mundir er haldin að Kjarvalsstöðum sýning í tilefni af ári aldradra. Hefur hún aðallega að geyma alþýðulist og handmenntir. — Hulda Á. Stefánsdóttir, sem nú er 85 ára, opnaði sýninguna 17. júlí með meðfylgjandi ræðu.

óbærileg. Minnumst þess á ári aldradra.

Þá er eitt tískufyrirbærið þetta kynslóðabil, sem mikið er rætt um. Það þekktist ekki fyrir en nýverið.

Ég er sannfærð um að margt það böl, sem nú er við að glíma megi rekja til þessa ímyndaða kynslóðabils. Ein afleiðing af þeim boðskap er sundrung innan heimilisins — fjölskyldunnar. Hver aldursþópur fer sínar götur eftir aldri, í stað þess að vinna saman að heill og hamingju heimilisins og fjölskyldunnar allrar. Því hvað sem hver segir þarfnast oft æskinn ellinnar ekki síður en ellin æskunnar. Það veit ég af eigin raun.

Það virðist talsvert ríkjandi skoðun manna á meðal að fólk sem komið er á efri ár geti lítið gert að gagni. Á þessari sýningu eru að mestu hlutir eftir eldra fólk, eins og ég gat um í byrjun; en svo ég nefni fleiri dæmi orðum mínum til stuðnings, að ekki sé einhlítt að dæma hæfni fólks eftir aldri þá minnst ég þess að í ungðæmi mínu heyrði ég getið


um tvær listakonur í Svarfaðardal. Önnur þeirra spanna þráð í fána iðnaðarmanna á Akureyri, þá komin fast að nírræðu. Blakti hann á Alþingishátíð á Þingvöllum 1930. Hin spanna þráð í svuntudúk, einnig háöldruð, einhvern þann finasta sem þekkt hefur, mér er nær að halda í áltri veröldinni. Kona kirkjur saumaði altari. Kona kirkjuna sama þegar hún var hálfnírræð, þegar engin yngri fékkst til að sauma slíkan grip. Þá þekkti ég konu sem komi er yfir átrætt, sem saumaði íslenskan búning, peysuföt, upppluti og möttla svo til fyrirmyndar er. Og þá má ekki gleyma að minnst Halldóru okkar Bjarnadóttur sem sló öll aldursmet hérlendis að sögn, en hún lést síðastliðið haust 108 ára gömul. Á hundrað ára afmælinu var hún hrókur alls fagnaðar, þegar innlendir og erlendir gestir sóttu hana heim. Þrátt fyrir góðar ræður veislugesta bar ræðan hennar af. Og um þetta ári var haft eftir póstmestaranum á Blönduósi að pósturinn til hennar væri fyrirferðarmeiri en póstur sýslumannsins og héraðslæknisins, með hún hefur oft þurft að halda á penna og svara bréfum. Stórskáldið Matthías orti fram á elljár og varð 85 ára.

Og ef við förum út fyrir landsteinana má nefna ítalska listamanninn Titian. Eftir að hann komst á 10. tuginn harmaði hann að sjónin dapradist og höndin varð óstyrkari þegar honum varð loks ljóst hvernig hann ætti að mála. Aldrei var kappið meira. Göthe varð líka gamall maður og orti í ellinni sníldarverk. Segið svo að fólk á gamals aldri geti lítið eða ekkert. Þannig gæti ég haldið áfram að tala um gamalt fólk fram að miðnætti, en læt hér staðar numið.

Að lokum. Minnumst þess góðir hlustendur að gamla fólkið í dag tekur undir orð konunnar sem sagði: „Foraktin er verst.“ Það er hlýja og skilningur sem gamla fólkið skortir.

Ósk mín er sú á ári aldradra að samúð og skilningur eflist meðal allra aldurshópa. Foraktin hverfi og samúð og hlýja aukist að sama skapi með ári hverju.

Mér þá ósk í huga leyfi ég mér að opna þessa sýningu. Gjörið svo vel.



Frá sýningunni á Kjarvalsstöðum.



Lestunar-áætlun

Skip Sambandsins munu ferma til Íslands á næstunni sem hér segir:

GOOLE:
 Arnarfell 26/7
 Arnarfell 9/8
 Arnarfell 23/8
 Arnarfell 6/9

ROTTERDAM:
 Arnarfell 28/7
 Arnarfell 11/8
 Arnarfell 25/8
 Arnarfell 8/9

ANTWERPEN:
 Arnarfell 29/7
 Arnarfell 12/8
 Arnarfell 26/8
 Arnarfell 9/9

HAMBORG:
 Helgafell 30/7
 Helgafell 19/8
 Helgafell 9/9

HELSINKI:
 Disarfell 12/8
 Disarfell 10/9

LARVIK:
 Hvassafell 2/8
 Hvassafell 16/8
 Hvassafell 30/8
 Hvassafell 13/9

GAUTABORG:
 Hvassafell 20/7
 Hvassafell 3/8
 Hvassafell 17/8
 Hvassafell 31/8
 Hvassafell 14/9

KAUPMANNAHÖFN:
 Hvassafell 4/8
 Hvassafell 18/8
 Hvassafell 1/9
 Hvassafell 15/9

SVENDBORG:
 Helgafell 2/8
 Disarfell 16/8
 Helgafell 21/8
 Helgafell 10/9

AARHUS:
 Helgafell 3/8
 Disarfell 18/8
 Helgafell 23/8

GLOUCESTER MASS.:
 Skaftafell 27/7
 Jökulfell 8/8
 Skaftafell 9/9

HALIFAX, KANADA:
 Skaftafell 29/7
 Jökulfell 11/8
 Skaftafell 11/9

SKIPADEILD SAMBANDSINS
 Sambandshúsinu
 Pósth. 180 121 Reykjavík
 Sími 28200 Telex 2101

M3 EW
 simanúmerið okkar er
36777

AUGLÝSINGASTOFA MYNDAMÓTA HF